

Fundur með skólastjórnendum og nemendafélagi 17. apríl 2013, kl. 12:00

Mætt : Frá foreldrafélagi: Katrín Helgadóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Elín Thorarensen. Fulltrúar skólans: Þorkell Diego, Klara Hjálmtýsdóttir og Ingi Ólafsson

Umræða:

Kynjafræðsla. Rætt um hvernig fræðslunni hefur verið háttað, hvernig þátttakan hefur verið og hvert framhaldið muni verða.

Brunaæfingar. Spurt var um tíðni brunaæfinga. Þær eru haldnar reglulega, helst einu sinni á ári, en reyndar var engin haldin í vetur. Reynslan sýnir að mega ekki vera of oft því þá missa þær svolítið marks. Mikið skipulag er til í kringum rýmingu skólans. Í umræðunni kom fram að það þarf hugsanlega að huga að því að setja upp áætlun um það hvernig bregðast á við er ógn stafar að skólanum og halda þarf nemendum inni í kennslustofum en brunakerfið gengur út á að allir hlupi sem fyrst út.

Óveðursviðbúnaður. Í óveðrinu sem skall á í vetur kom í ljós að skilaboð frá skólanum voru ekki nógu skýr. Þarf að skoða það að vera ekki að stefna nemendum út í ófærð og slæmt veður og koma upplýsingum á framfæri á heimasíðuna til að létta á símkerfinu.

Böllin. Nú er farið að gefa frí í fyrstu tímum eftir böll, og er það jákvæð þróun, nemendur hvort eð er of þreyttir til að kennslan nýtist þeim að ráði.

Rætt var um ballgæsluna og hvernig hún hefði gengið í vetur. Foreldrafélagið óskaði eftir því að skólinn keypti 10 vesti merkt foreldrafélaginu til að tryggt verði að foreldrar séu merktir þar sem ekki eru alltaf til vesti handa öllum. Skólameistari tók vel í þessa beiðni og stefnt er að því að vestin verði tilbúin til notkunar næsta haust.

Skyndipróf. Rætt var um tilgang óundirbúinna skyndiprófa og voru nokkuð skiptar skoðanir meðal fundarmanna á notkun þeirra.

Spurt var um hámark á fjölda skyndiprófa í viku. Hámarksfjöldi skyndiprófa á viku er 3 próf og skyndipróf eru ekki leyfð síðustu tvær vikurnar fyrir próftímabil.

Siðareglur kennara, spurt um hvort þær væru til. Siðareglur Kennarasambandsins gilda fyrir kennara og rætt er reglulega á fundum um framkomu kennara við nemendur. Ef upp koma atvik sem kvartað er undan þá ræða stjórnendur við viðkomandi kennara.

Facebook. Rætt var um nýja Facebooksíðu foreldrafélagsins, markmið hennar og hvernig best er að kynna hana fyrir foreldrum.

Nemendafélag

Inn á fundinn komu nýkjörnir fulltrúar í stjórnnum og ráðum nemendafélags skólans.

Rætt var um verkefni foreldrafélagsins og hugsanlegt samstarf við nemendafélagið. Bent var á að við höfum sameiginlega hagsmuni, þar sem markmið foreldrafélagsins er að styðja við skólann svo hann verði enn betri.

Facebook síða foreldrafélagsins var kynnt og kom fram hugmynd um að nýta hana næsta vetur til að koma á framfæri upplýsingum frá nemendafélaginu til foreldra um t.d. böll og aðrar skemmtanir.

Fundi slitið kl. 14:10.

Fundargerð skráði: Elín Thorarensen